

Fimmtudaginn 24. júní 1984.

Nr. 72/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Friðrik Sigurbjörnssyni

(Haraldur Blöndal hrl.)

Bann við hundahaldi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 11. apríl 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærða og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip málgagna barst Hæstarétti 30. apríl.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, en greiðslufrest sektar ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Friðrik Sigurbjörnsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 6.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Haralds Blöndal hæstaréttarlögmanns, 6.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. mars 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 20. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 142/1984: Ákærvaldið gegn Friðriki Sigurbjörnssyni, sem tekið var til dóms 8. mars sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 15. febrúar sl., gegn ákærða, Friðriki Sigurbjörnssyni héraðsdómslögmanni, Fáfnisnesi

4, Reykjavík, fæddum þar í borg 2. september 1923, „fyrir að hafa, án leyfis lögreglustjóra, haldið hundtíkur tvær í Reykjavík, aðra í allt að átta ár og hina frá því um mitt árið 1983 og halda dýrin þannig enn.

Telst brot ákærða varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Með bréfi, dags. 22. nóvember 1983, sem Oddur R. Hjartarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkursvæðis, sendi til lögreglustjórans í Reykjavík, var komið á framfæri kvörtun Maríusar Arasonar, Bauganesi 19, Reykjavík, undan hundum í eigu ákærða. Af þessu tilefni var ákærði yfirheyrður hjá lögreglu 9. desember sl., en einnig hefur hann verið yfirheyrður í dómi, fyrst 10. febrúar sl., er honum var boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, og aftur við þingfestingu málsins hinn 8. mars sl. Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann eigi tvær tíkur, aðra 8 ára gamla, sem er blendingur af Golden-etriver og íslenskum og hann nefnir Klaustru, og hina síðan í júlí 1983, sem hann nefnir Kolu og er undan eldri tíkinni. Kvaðst ákærði stunda æðarvarp í Stóru-Tungueyjum á Breiðafirði og rannsóknir undanfarin 8 sumur með styrk frá Menntamálaráði á samspili á milli æðarvarps og svartbaks, en honum væri þetta ókleift, ef hann hefði ekki tíkurnar til þess að bægja frá vargi, aðallega minki.

Ákærði kvaðst hafa átt eldri tíkina frá 1975 og þá yngri frá því í júlí 1983 og hafa haft þær á heimili sínu í Reykjavík u.þ.b. 6 mánuði á hverju ári yfir vetrartímann, en að öðru leyti séu þær með honum í Stóru-Tungueyjum eða á Kiðafelli í Kjós. Hann kvaðst ekki hafa sótt um leyfi til þess að halda þær í Reykjavík né reynt að koma þeim fyrir, þar sem hundahald er leyft. Hann kvaðst leyfa þeim að ganga lausum í Skerjafirði, þegar hann er með þær í Reykjavík.

Niðurstöður.

Telja verður sannað með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi undanfarin átta ár haldið hundtík á heimili sínu í Reykjavík og tvær hundtíkur frá því í júlí 1983 án þess að hafa til þess tilskilið leyfi, en þó verður ekki talið sannað gegn framburði hans, að hann hafi haldið þær þar lengur en í u.þ.b. 6 mánuði á ári að jafnaði. Með framangreindri

háttsemi þykir hann hafa gerst sekur um brot gegn 1. gr. reglugerðar nr. 61, 1924 um hundahald í Reykjavík og 65. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. 1. gr. laga nr. 7, 1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt kærur eða refsingum, sem hér skipta máli.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík, sbr. 7. gr. laga nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga nr. 75, 1982, og þykir hún hæfilega ákveðin sekt að fjárhæð 6.500 krónur, sem renni í ríkissjóð. Vararefsing ákveðst varðhald í 8 daga.

Dæma ber ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Friðrik Sigurbjörnsson, greiði 6.500 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Fimmtudaginn 21. júní 1984.

Nr. 140/1982. **Ákærvaldið**

(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn

Jóhannesí Reynissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu að ósk ákærða 14. júní 1982. Ágripið barst Hæstarétti 8. febrúar 1984. Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði